

Hörgársveit

Fréttabréf

4. árg., 3. tbl., 4. febrúar 2013

Porrablót Hörgársveitar 2013

Íþróttamiðstöðinni Þelamörk laugardaginn 9. feb.
Húsið opnar kl. 19:30 og borðhald hefst kl. 20:30
Miðapantanir þriðjudag og miðvikudag kl. 20-22 í sínum
462-5704 (Lilja), **462-7145** (Kristjana) og **565-9717** (Líney Emma)
Forsala verður í Íþróttahúsinu á Þelamörk,
föstudaginn 8. febrúar kl. 16-22

Samstarfsaðilar á Möðruvöllum

Landbúnaðarháskóli Íslands (Lbhí) rekur tilraunastöð á Möðruvöllum 2 í Hörgarádal. Á síðasta ári urðu allnokkrar breytingar á starfinu þar sem tilraunabú í nautgriparækt var lagt niður en megináherslan er nú á rannsóknir og þróunarstarf í jarðrækt. Vegna þessara breytinga óskar Lbhí eftir samstarfsaðilum um nýtingu á hluta útihúsa á staðnum, slægna og beitilands. Um er að ræða fjós og hlöðu auk gamalla fjár- og loðdýrahúsa. Slægjur geta verið allt að 70 ha og beit 40 ha. Lögð er áhersla á verkefni til atvinnusköpunar í landbúnaði og sem falla vel að starfsemi tilraunastöðvarinnar. Allar nánari upplýsingar veitir Þorvaldur T. Jónsson rekstrarstjóri thorvaldur@lbhi.is, 8435301. Áhugasamir eru beðnir um að senda inn formlega ósk um samstarf fyrir 20 febrúar nk. á pósthfangið thorvaldur@lbhi.is þar sem fram kemur hugmynd um nýtingu.

Hörgársveit

Sími: 461 5474 **Fax:** 461-5475
Netfang: horgarsveit@horgarsveit.is
Póstfang: þelamerkurskóli, 601 Akureyri
Veffang: www.horgarsveit.is

Auglýsing um skipulag

Vegna formgalla við birtingu auglýsingar á gildistöku eftirtalinna deiliskipulagsáætlana í Hörgársveit eru þær hér með auglýstar að nýju, sbr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagsáætlanirnar hafa áður að öðru leyti hlotið meðferð skv. lögum, þar með talið að þær hafa verið samþykktar af sveitarstjórn.

Prastarhóll, frístundabyggð

Gert er ráð fyrir lóðum fyrir 7 frístundahús á um 10 hektara svæði með veltengingu frá núverandi heimreið að Prastarhóli (vegnúmer 8190), sem tengist vegi nr. 813. Gerð er grein fyrir tillögum á skipulagsupprætti í mælikvarðanum 1:2.000, ásamt greinargerð.

Syðri-Reistará, íbúðarhús

Gert er ráð fyrir byggingu nýs íbúðarhúss með veltengingu frá núverandi heimreið að Syðri-Reistará (vegnúmer 8172), sem tengist vegi nr. 82. Gerð er grein fyrir tillögum á skipulagsupprætti í mælikvarðanum 1:2.000, ásamt greinargerð.

Gloppa, frístundahús

Gert er ráð fyrir frístundahúsi með veltengingu um vegslóða sem tengist Hringveginum (vegnúmer 1). Gerð er grein fyrir tillögum á skipulagsupprætti í mælikvarðanum 1:2.000, ásamt greinargerð.

Sílastaðir, ferðapjónustuhús

Gert er ráð fyrir tveimur ferðapjónustuhúsum með veltengingu frá núverandi heimreið að Sílastöðum (vegnúmer 8276) sem tengist vegi nr. 1 (Hringvegi). Gerð er grein fyrir tillögum á skipulagsupprætti í mælikvarðanum 1:2.000, ásamt greinargerð.

Hjalteyri, hluti þéttbýlis

Gert er ráð fyrir 28 nýjum íbúðarhúsum, 12 nýjum frístundahúsum og 11 nýjum verbúðum. Gerð er grein fyrir tillögum á skipulagsupprætti í mælikvarðanum 1:2.000, ásamt greinargerð.

Þá eru eftirtaldar deiliskipulagsáætlanir í Hörgársveit hér með auglýstar að nýju, sbr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, þar sem frestur á birtingu auglýsingar á gildistöku þeirra er runninn út, sbr. lagaákvæði sem gildi til 31. desember 2012. Deiliskipulagsáætlanirnar hafa áður að öðru leyti hlotið meðferð skv. lögum, þar með talið að þær hafa verið samþykktar af sveitarstjórn.

Moldhaugar, fjósbygging

Gert er ráð fyrir fjósbyggingu með sömu vegtengingu og núverandi fjós hefur, þ.e. heimreið að Moldhaugum (vegnúmer 8270), sem tengist vegi nr. 1 (Hringvegi). Gerð er grein fyrir tillögunni á skipulagsupprætti í mælikvarðanum 1:2.000, ásamt greinargerð.

Hraukbær, vélageymsla

Gert er ráð fyrir vélageymslu með vegtengingu frá Hlíðarvegi (vegnúmer 818). Gerð er grein fyrir tillögunni á skipulagsupprætti í mælikvarðanum 1:2000, ásamt greinargerð.

Tillögurnar verða til sýnis á skrifstofu Hörgársveitar, Þelamerkurskóla, frá og með 8. febrúar 2013 til og með 25. mars 2013. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu sveitarfélagsins, www.horgarsveit.is. Athugasemdir skulu hafa borist skriflega til skrifstofu Hörgársveitar eigi síðar en kl. 15:00 mánudaginn 25. mars 2013.

Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tillögunum.

4. febrúar 2013

Sveitarstjórinn í Hörgársveit

Árshátíð Þelamerkurskóla

Íþróttahúsinu á Þelamörk fimmtud. 7. febrúar kl. 20:00
Skemmtiatriði, tónlistarflutningur og kaffiveitingar!

Aðgangseyrir:

1200 krónur fyrir 12 ára og eldri og 700 krónur fyrir 7-12 ára.

Kaffihlaðborð:

F. fullorðna: 1300 krónur, f. börn á grunnskólaaldri: 500 krónur

Næsti fundur sveitarstjórnar verður 20. febrúar í Þelamerkurskóla

Dagskrá fundarins mun birtast á www.horgarsveit.is síðdegis 18. febrúar

Blöndulína 3 (220 kV) frá Blöndustöð til Akureyrar

Mat á umhverfisáhrifum - álit Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun hefur gefið álit sitt um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000 m.s.b. Skipulagsstofnun telur að neikvæðustu áhrif Blöndulínu 3 verði sjónræns eðlis og áhrif á landslag og þar með einnig á útivist og ferðaþjónustu og að heildaráhrif fyrirhugaðra framkvæmda m.t.t. þessara umhverfisþátta verði talsvert neikvæð. Þá telur Skipulagsstofnun að Blöndulína 3 muni hafa neikvæð áhrif á landnotkun þar sem hún mun liggja um landbúnaðarhéruð og raska ræktuðu landi og beitarnandi auk takmarkana á landnýtingu vegna byggingarbannssvæðis.

Skipulagsstofnun telur að þar sem ekki hefur verið unnt að leggja mat á áhrif efnistöku á hina ýmsu umhverfisþætti þurfi að setja eftirfarandi skilyrði áður en til leyfisveitinga komi:

Áður en viðkomandi sveitarfélag veitir framkvæmdaleyfi til byggingar Blöndulínu 3 innan síns sveitarfélags, þurfa að liggja fyrir niðurstöður málsmeðferðar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum vegna efnistöku úr þeim námum sem notaðar verða.

Ennfremur telur Skipulagsstofnun að við leyfisveitingar þurfi að setja eftirfarandi skilyrði:

1. Landsnet þarf að endurheimta jafn stórt votlendi og tapast við fyrirhugaðar framkvæmdir í samráði við Umhverfisstofnun og viðkomandi sveitarstjórnir og að ljóst sé á hvaða svæðum endurheimt eigi að fara fram.
2. Landsnet þarf að leggja fram áætlun um vöktun á áflugi fugla á raflínur þar sem skýrt komi fram hvaða svæði eru skilgreind sem vöktunarsvæði og að jafnframt komi fram til hvaða sérfræðiaðila Landsnet hafi leitað til að skilgreina þessi svæði og hverjir framkvæmi vöktunina. Í áætluninni þarf að koma fram að niðurstöður vöktunar verði bornar undir Umhverfisstofnun með mótvægisáðgerðir í huga.
3. Landsnet þarf að hafa samráð við Minjastofnun Íslands um mótvægisáðgerðir m.a. hvaða fornleifar nauðsynlegt sé að merkja og með hvaða hætti það verði gert og að skrá þurfi fornleifar á þeim jörðum þar sem ekki hefur fengist leyfi landeigenda til skráningar. Álitið í heild liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Álit Skipulagsstofnunar og matsskýrsla Landsnets er einnig að finna á heimasíðu stofnunarinnar: www.skipulagsstofnun.is.